

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um viðveru herliðs.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hversu mikil var viðvera erlends herliðs á Íslandi á árunum 2017–2022? Þess er óskað að fram komi tímasetning og lengd viðveru hvers hóps, upprunaríki, fjöldi liðsmanna og tilefni viðveru.
2. Komu upp dagar á fyrrgreindu tímabili þar sem enginn liðsmaður erlends hers var staðsettur á landinu? Sé svo er þess óskað að fram komi hvaða daga það gerðist. Hafi það ekki gerst á tímabilinu er óskað upplýsinga um það hvenær háttaði síðast svo til að enginn liðsmaður erlends hers var á landinu.
3. Hvaða samráð hefur átt sér stað við íslensk stjórnvöld varðandi aukna viðveru erlends herliðs á tímabilinu? Hvaða efnislegu umræðu, og eftir atvikum afgreiðslu, hefur þróunin fengið innan ríkisstjórnar og Alþingis? Hversu miklar telur ráðuneytið að breytingar á viðveru herliðs þurfi að vera til að flokkast sem meiri háttar utanríkismál?
4. Á hvaða mati byggir hin aukna viðvera? Á hvaða vettvangi fer matið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvaða greiningar liggja því til grundvallar?

Skriflegt svar óskast.